

31. fundur Skólaráðs haldinn 6.maí 2019 kl. 16:00, fundur sem vera átti 1. apríl var frestað af óviðráðanlegum orsökum.

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Lena og Sindri Snær Brynjólfsson fulltrúar nemenda. Auður Erla Logadóttir og Klara Viðarsdóttir fyrir hönd foreldra, Birta Huld Halldórsdóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir fyrir hönd kennara, Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks boðaði forföll. Berglind Kristinsdóttir sem situr fyrir hönd grenndarsamfélagsins. Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð.

Nemendur sögðu frá því sem er í gangi í skólanum og félagslífinu. Lena sagði frá ferðalagi 10. bekkjar sem er framundan en bekkurinn hans Sindra verður fyrirmynd nemenda næstakomandi vetur það er að segja verðandi tíundu bekkingar. Framundan er lokaball félagsmiðstöðva á Suðurlandi sem verður á Hellu föstudaginn 10. maí. Samkvæmt Sindra mun verðandi 10. bekkur vera með sjoppu á þeirri skemmtun, þau eru því strax byrjuð að safna fyrir næsta vetur og útskriftarferð sinni.

Búið að koma til umsjónarkennara í 6.-10.bekk hvaða atriði nemendur sem setið hafa á skólaráðsfundum telja að taka ætti fyrir á nemendapingi (sjá fylgiskjal merkt *) Verður vonandi unnið núna á vordögum og niðurstöður sendar til skólastjóra og skólaráðs.

Á fundinn var mætt Hafdís Dóra Sigurðardóttir matráður og var farið yfir mötuneytismál sem gleymdist að ræða á fundinum þann 1.nóvember. Dóru finnst að yfirleitt sé alltaf ákveðið ergelsi í gangi þegar hamborgarar eru í boði í mötuneytinu og þá er ákveðinn fjöldi nemenda óánægður með að fá ekki fleiri en einn. Fundarmenn sammála því að nemendum eigi að bjóðast allt að tveir hamborgarar en koma verði í veg fyrir kappát. Einnig var rætt um hvort forréttarsúpa og brauð sé nægur matarskammtur fyrir nemendur. Umræða um mikilvægi þess að starfsfólk mötuneytis sé með hárnét og hanska við matseld og í skömmtun. Mötuneytið sér nú einnig um mat fyrir Heklukot og á föstudögum þegar fiskur er í boði fyrir nemendur leikskólans þá geta nemendur skólans valið um hann eða hlaðborð. Hlaðborðið snýst um að nýta afganga vikunnar og kemur þar með í veg fyrir matarsóun.

Umræður um húsnæðismál skólans og þeirri brýnu þörf á viðbótarhúsnæði sem nýtast mun skólanum inn í framtíðina þar er meðal annars horft til aðstöðu mötuneytisins. Ákveðið að senda eftirfarandi ályktun til sveitarstjórnar Rangárþings ytra þar sem óskað er eftir að það verði tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar fimmtudaginn 9. maí.

Skólaráð skorar á sveitarstjórn Rangárþings ytra að skipaður verði starfshópur sem fái það verkefni að meta húsnæðisþörf Grunnskólans á Hellu og móta tillögur til framtíðar um húsnæðisþörf og uppbyggingu skólans. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum foreldra, nemenda, starfsmanna skólans auk sveitarstjórnarmanna. Skólaráð óskar eftir formlegum fundi um málið með fulltrúum sveitarstjórnar sem fyrst.

Skóladagatal 2019-2020 lagt fyrir skólaráð til samþykktar. Starfsmannafundur hefur samþykkt dagatalið og skólaráð samþykkir það einnig. Verður það lagt fyrir stjórn Odda bs. núna í maí.

Sigurgeir þakkaði samstarfið við skólaráðið en hann hættir sem skólastjóri Grunnskólans á Hellu núna í vor. Kristín Sigfúsdóttir tekur við skólastjórn í skólanum og fagnar Sigurgeir því.

Berglind Kristinsdóttir þakkar samstarfið í skólaráði en hún hefur setið í því frá byrjun. Hún óskar ekki eftir áframhaldandi setu í skólaráði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 17:10
Særún Sæmundsdóttir

Fylgiskjal *

Á Skólaráðsfundi sem haldinn var 25.febrúar sl. var farið yfir niðurstöður Skólapúlsins frá því í október 2018. Ákveðið var að senda nokkra af þeim þáttum sem gætu verið betri í skólanum til umræðu í nemendahópnum í 6.-10.bekk. Umsjónarkennarar skipuleggi því í sameiningu nemendaping í lífsleiknitíma.

Þann 14.mars hittu fulltrúar og varamenn nemenda sem sitja í Skólaráði Særúnu og völdu þau í sameiningu þau atriði sem þeim finnst að ætti að ræða/skoða.

1. Rúmlega 70% nemenda segjast leggja sig alla fram þegar þeir læra og reyna að gera sitt besta til að ná tókum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna. Samt sem áður mælist þrautseigja nemenda minni núna heldur en síðastliðinn vetur. (Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandi telur að hann leggi sig fram í námi).

Er munur á því hvernig nemendur skilja og meta það að leggja sig fram og sýna þrautseigju. Skrifa niður dæmi um hvoru tveggja.

2. Nemendur á unglingastigi upplifa samband sitt við kennara ekki alltaf nógu gott.

Hvað þarf kennarinn að hafa í huga ef hann vill byggja upp gott samband við nemendur sína?

Hvað þarf nemandinn að hafa í huga ef hann vill byggja upp gott samband við kennara sína?

3. Nemendum finnst vanta fjölbreyttari/áhugaverðari kennslu og verkefni í öllum námsgreinum. (Í samtali við fulltrúa og varamenn kom fram að allt of mikið er bara verið að vinna í vinnubókum/lesbókum svo líklega er hér aðallega verið að horfa til bóklegra greina).

Hvaða hugmyndir hafa nemendur um fjölbreytta/áhugaverðari kennslu og verkefni í

Íslensku

Stærðfræði

Tungumálum

Náttúrufræði

Líffræði

Samfélagsfræði

Annað sem fulltrúar nemenda í skólaráði töldu eðlilegra að senda til umræðu inn í hvern bekk var eftirfarandi: Rúmlega 50% nemenda segjast finna stundum/oft eða mjög oft fyrir stressi eða kvíða: ástæður þess geta verið próf, sund, heimilisaðstæður, áhyggjur af vinum. Þetta gætu Umsjónarkennarar rætt með sínum nemendum á bekkjarvísu.

Særún Sæmundsdóttir